



Fundargerð

1392. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
10. nóvember 2022, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar Felix Rúnarsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hana. Margrét Þórarinsdóttir boðaði forföll, Gunnar Felix Rúnarsson sat fyrir hana.

* * *

1. Fráveitukerfi Reykjaneshæjar – búnaður í hreinsistöð (2019050681)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála mættu á fundinn. Óskað er eftir að kaupa búnað í hreinsi- og dælustöð Fitjabraut 1c. Gert hefur verið ráð fyrir þeirri fjárfestingu á fjárhagsáætlun 2022 og 2023.

Bæjarráð samþykkir erindið.

2. Launagreining vegna jafnlaunavottunar (2022110153)

Iðunn Kristín Grétarsdóttir deildarstjóri launa- og kjaradeildar mætti á fundinn og fór yfir launagreiningu 2022.

Bæjarráð þakkar fyrir ítarlega greiningu og fagnar að ekki greinist marktækur kynbundinn launamunur hjá sveitarfélaginu.

3. Betri vinnutími (2022110152)

Iðunn Kristín Grétarsdóttir deildarstjóri launa- og kjaradeildar mætti á fundinn og lagði fram minnisblöð með tillögum að betri vinnutíma starfsfólks í Félagi grunnskólakennara og Tónlistarskóla Reykjaneshæjar.

Bæjarráð samþykkir framlagðar tillögur.

4. Umdæmisráð barnaverndar (2021120037)

Þórdís Elín Kristinsdóttir teymisstjóri barnaverndar mætti á fundinn. Lögð fram tillaga um að bæjarráð gangi til samninga við Suðurnesjabæ, Voga og Grindavík um rekstur umdæmisráðs. Einnig er lagt til að Árborg verði boðin aðild að samninginum.

Bæjarráð samþykkir framlagða tillögu.

5. Fjárhagsáætlun 2023-2026 (2022080148)

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn.

Bæjarráð vísar fjárhagsáætlun 2023-2026 til fyrri umræðu í bæjarstjórn 15. nóvember 2022.

6. Samþykkt um gatnagerðargjald (2022110137)

Lögð fram samþykkt um gatnagerðargjald í Reykjanesbæ.

Bæjarráð samþykkir framlögð drög að gatnagerðagjaldi Reykjanesbæjar.

7. Klapparstígur 7 – afnotasamningur (2022110119)

Lagður fram samningur um afnot af Klapparstíg 7 Reykjanesbæ.

Bæjarráð felur Unnari Steini Bjarndal bæjarlögmanni að ganga frá samningnum og Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita fyrir hönd Reykjanesbæjar.

8. Húsnæði Myllubakkaskóla (2021050174)

Lagðar fram til kynningar fundargerðir byggingarnefndar Myllubakkaskóla og fundargerð verkefnastjórnar.

9. Nýtt hjúkrunarheimili (2019050812)

Lögð fram til kynningar fundargerð verkefnastjórnar nýs hjúkrunarheimilis í Reykjanesbæ.

10. Vatnsnesvegur 8 (2020030181)

Lögð fram til kynningar fundargerð verkefnastjórnar endurbyggingar Vatnsneshússins.

11. Brynja leigufélag – viljalýsing (2022100233)

Lögð fram viljayfirlýsing um uppbyggingu á íbúðum fyrir öryrkja í Reykjanesbæ 2022 til 2026.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita viljayfirlýsinguna fyrir hönd Reykjanesbæjar.

12. Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta 2023 (2022110090)

Borist hefur beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta.

Bæjarráð samþykkir að styrkja Stígamót um kr. 250.000, tekið af bókhaldslykli 21-011-9220.

13. Aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga (2022110136)

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í verkefninu og tilnefni Önnu Karen Sigurjónsdóttur sjálfbærni fulltrúa og felur jafnframt Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að kanna umfang vinnuframlags með tilliti til endurskoðunar.

14. Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðanefnd (2022110127)

Bréf barst frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir tilnefningu í vatnasvæðanefnd.

Bæjarráð tilnefni Önnu Karen Sigurjónsdóttur sjálfbærni fulltrúa og Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóra umhverfismála.

15. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 21. október 2022 (2022010626)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

16. Fundargerðir stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. 25. október og 2. nóvember 2022 (2022010523)

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

17. Umsagnarmál í samráðsgátt (2022010082)

- a. Frumvarp til breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3321](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3321)
- b. Áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3324](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3324)

Umsagnarmál lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10.